




Leiðbeiningar fyrir kröfur um líffræðilegan fjölbeytileika

089 Nýbyggingar (útgáfa 4)

15.07.2024

A close-up photograph of a bee on a purple flower spike. The bee is positioned on the left side of the frame, facing right, with its head buried in the flowers. The flower spike is a dense cluster of small, purple, tubular flowers. The background is a soft, out-of-focus green, suggesting foliage.

Athugið!

Þetta eru leiðbeiningar fyrir kröfur um líffræðilegan fjölbreytileika en þær geta tekið breytingum. Ákveðin verkefni geta verið útfærð á annan hátt í samvinnu við Svaninn á Íslandi

Mikilvægt!



Vottunarferli bygginga er langt og krefst því góðs skipulags, eins og þessi krafa. Þar af leiðandi er mikilvægt að huga að þessum kröfum tímanlega og passa að þær séu framkvæmdar á viðeigandi árstíma.



Í kröfunum segir að vistfræðiskýrslan og aðgerðir sem gripið er til verði að miða við allt svæði verkefnisins, þannig að kröfurnar geta verið mis flóknar eftir svæðum. Þetta þýðir að gráar lóðir (e. grey areas) og einkalóðir (t.d fyrir einbýlishús) þurfa einnig uppfylla kröfurnar.



Sérfræðingur sem metinn er hæfur til að framkvæma greininguna þarf meðal annars að vera fær til að meta hvað er skilgreint sem vistfræðilegt verðmæti.



Byggingarframkvæmdir eru jafn ólíkar og þær eru margar, þessar kröfur þarf samt sem áður að meta eins. Einstaka atriði þarf þó að meta sérstaklega ólíkt öðrum verkefnum.



O31 Vistfræðiskýrsla

Vistfræðiskýrslan skal innihalda:

- Núverandi plöntur (tré, runna, gerði o.fl.), dýraríki og vistkerfi á byggingarlóðinni.
- Almenn lýsing á landinu, þar með talin nærliggjandi svæði/búsvæði.
- Hvort að náttúra eða dýra-/plöntutegundir á lóðinni eða á nærliggjandi svæðum teljist sem almannahagsmunir eins og t.d. friðuð eða viðkvæm svæði, mikilvægar tegundir (e. prioritised species), tegundir sem eru nálægt því að vera í útrýmingarhættu o.s.frv.
- Allar ágengar tegundir.
- Tillögur um aðgerðir til að varðveita og/eða bæta líffræðilegan fjölbreytileika á svæðinu.

A close-up photograph of a bumblebee on an orange flower. The bee is black and white with a fuzzy texture, and the flower has bright orange petals. The background is a soft-focus green.

O32 Aðgerðir til að styrkja líffræðilegan fjölbreytileika

Byggt á vistfræðiskýrslunni:

- Lýsing á fyrirhuguðum aðgerðum til að varðveita núverandi líffræðilegan fjölbreytileika.
 - Ef **ekki** á að framkvæma aðgerðir sem mælt er með í vistfræðiskýrslunni ætti að hvetja til þess.
- **Lágmarks** aðgerðir til að bæta líffræðilegan fjölbreytileika:
 - Vernda svæði eða kennileiti, eins og hægt er, sem eru nú þegar með náttúrulegt gildi á lóðinni í samræmi við tilmæli úr vistfræðiskýrslunni.
 - Ágengar plöntutegundir sem finnast á lóðinni skulu vera fjarlægðar eða þær settar í skorður. Ekki má planta slíkum plöntum (þetta á einnig við um græn þök).
 - Staðbundnum plöntu-/trjátegundum*** skal setja niður á lóðinni frekar en öðrum plöntum.

Leiðbeiningar um hvernig á að túlka áhrif árstíða á kröfurnar

Árstíð	O31 Áhersla	Umfang	Athugasemdir
Vetur	Kortlagning; Tré og runnar; Borgarskipulag; Kort; Fyrirliggjandi greining (t.d. auðkenning tegunda sem eru á rauðum lista (e.redlist species) og önnur kortlagning sem til er).	½ um vetur (+ ½ eftirfylgni um sumar)	Þessi valkostur ætti aðeins að notast við ef verkefni er að hefjast og greiningin þarf að vera framkvæmd að vetri til. Greining sem framkvæmd er að vetri til þarf samt sem áður alltaf að vera fylgt eftir á sumrin.
Aðrar árstíðir*	Jarðvegur/gróður í jarðvegi; Búsvæði; Friðlýstar og mikilvægar tegundir**; Ágengar tegundir (ekki þarf að telja upp allar tegundir í smáatriðum!)	1/1 um sumar	Æskilegri kostur

*Aðrar árstíðir: Í Svíþjóð er miðað við apríl – október, það getur verið breytilegt á Íslandi og það þarf því að meta hvert tilfelli fyrir sig ef það er einhver vafi.

**Skilgreining á mikilvægum tegundum (e. priority species): Tegundir sem yfirvöld hafa tilgreint sem sérstaklega mikilvægar fyrir verndun eða stjórnun líffræðilegs fjölbreytileika. Forsendurnar geta verið vistfræðileg virkni, erfðafræðilegur fjölbreytileiki, hlutverk í vistkerfinu, ógnuð staða eða menningarlegt gildi. Nokkur lönd hafa lista yfir tegundir í áhættu, t.d. er Náttúrufræðistofnun með [válista](#) yfir einhverjar tegundir, svo er hægt að finna fleiri upplýsingar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og [Umhverfisstofnun](#).

Leiðbeiningar um hvernig á að meta byggingarlóð

Breyta	O31 Áherslur	Umfang	Áætlaðar klst.	O32 Áherslur
Miðbær og gráar lóðir (e. grey areas)	Áhersla skal lögð á að bera kennsl á náttúruverðmæti, varðveita núverandi náttúrulega eiginleika (miðbær) og tengsl* við nærliggjandi svæði.	Minniháttar - miðlungs	2 klst	Möguleikar líklega takmarkaðir vegna staðsetningar. Áhersla er lögð á náttúrulega eiginleika, lykiltegundir og tengsl við nærliggjandi svæði.
Úthverfi	Áhersla skal lögð á náttúruverðmæti, varðveislu núverandi náttúrulegra eiginleika og tengingu* við nærliggjandi svæði.	Miðlungs – meiriháttar	2 – 4 klst	Áhersla skal lögð á náttúruverðmæti, lykil tegundir og tengingu við nærliggjandi svæði.
Sveit (stærri, ósnert svæði)	Áhersla skal lögð á náttúruverðmæti, varðveislu núverandi náttúrulegra eiginleika og tengingu* við nærliggjandi svæði.	Meiriháttar	2 – 8 klst	Áhersla á náttúruverðmæti, lykiltegundir og tengingu við nærliggjandi svæði.
Lóð eða einbýlishúsalóð	Áhersla skal lögð á varðveislu núverandi náttúrulegra eiginleika og tengingu* við nærliggjandi svæði.	Minniháttar	1 – 2 klst	Áhersla á að bæta líffræðilegan fjölbreytileika eftir framkvæmdir.

*Vistfræðileg tenging er hæfni dýra á landi eða í vatni til að færa sig á milli staða. Hreyfing gerir þeim kleift að finna mat, fjölga sér og stofna ný heimasvæði. Óhindruð hreyfing dýra og flæði náttúrulegra ferla viðhalda lífi á jörðinni.

Heimild: <https://www.worldwildlife.org/stories/why-connectivity-matters-to-wildlife-and-people>

Lykill til að túlka innlendar plöntu-/trjátegundir (í O32)

- Skilgreining: Upprunnin, þróuð og aðlöguð að svæðinu (O32).
- Ekki er gerð krafa um að planta ákveðnu hlutfalli af innlendum plöntum-/trjátegundum, en vistfræðingur og/eða leyfishafi þarf að skjalfesta að þeir hafi lagt sig fram við val á plöntum og þurfa að rökstyðja sitt val.
- Ekki það sama og erlendar tegundir sem vaxa vel á svæðinu.
- Munur er á framboði og flokkun á meðal Norðurlandanna.
- Sameiginlegt áhættuflokkunarkerfi fyrir erlendar tegundir í NO og SE má nota sem leiðbeiningar um hvaða tegundir ber að forðast. Forðast ætti flokka SE, HI og PO (sumar tegundir eru bannaðar, flestar ekki).
- Ef kerfi er ekki til staðar, eða fáar tegundir flokkaðar, gæti verið þörf á áhættumati sem byggist á ágengum tegundum og vistfræðilegri áhættu þeirrar tegundar sem valin er.

Athugið! Þetta eru leiðbeiningar fyrir kröfur um líffræðilegan fjölbreytileika en þær geta tekið breytingum. Sérverkefni gera verið útfærð á annan hátt.

Almenn viðmið um vinnuna sem fylgir kröfunni:
~16 klst af vinnu (2 - 4 klst á staðnum)
~5 - 10 bls fyrir O31 og O32 samanlagt

Athugið!

O31 er aðeins aðferð til þess að ákvarða aðgerðir fyrir O32.
Greiningin þarf að vera aðlöguð að verkefninu.



Gangi ykkur vel!